

BRÁÐABIRGÐALÖG

um framlengingu á kjarasamningi milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að algjört verkfall hafi staðið yfir frá 10. apríl s. l. hjá meðlimum Lyfjafræðingafélags Íslands, er starfað hafa í lyfjabúðum og lyfjaheildverzlunum einkaaðila. Hafa lyfsalar einir staðið fyrir afgreiðslu lyfja nú í mánaðartíma og telja má hættu á, að ýmsir þeirra muni ekki öllu lengur geta annazt margþætta lyfjaafgreiðslu. Kann því áður en varir að skapast hættuástand, sem ekki verður við unað. Sáttasemjari ríkisins hefur unnið að tilraunum til lausnar á kjaradeilu þessari, án þess að árangur hafi náðst og hafa nú báðir aðilar felld miðlunartillögu, er sáttasemjarinn hafði borið fram. Með því að brýna nauðsyn ber til, að bægt verði frá því neyðarástandi fyrir almenning, er skapast kann af þessum sökum og með hliðsjón af framkvæmd þeirrar verðstöðvunarheimildar, sem lög nr. 86 23. desember 1966 gera ráð fyrir, þykir rétt að lögfesta, að kjarasamningur milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands um kaup og kjör lyfjafræðinga frá 18. febrúar 1966 skuli gilda áfram, meðan framkvæmd verðstöðvunarinnar helzt og sé vinnustöðvun þá óheimil á sama tíma, þó eigi lengur en nemur gildistíma nefndra verðstöðvunarлага.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Kjarasamningur milli Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands um kaup og kjör lyfjafræðinga frá 18. febrúar 1966, er sagt var upp af hálfu Lyfjafræðingafélags Íslands til að falla úr gildi 31. desember 1966, skal gilda áfram frá gildistöku laga þessara, meðan í framkvæmd er verðstöðvun samkvæmt heimild í lögum nr. 86 23. desember 1966 eða þar til nýir samningar hafa verið gerðir milli þessara aðila, en þó eigi lengur en til 31. október 1967.

2. gr.

Meðan samningur sá, sem 1. gr. fjallar um, gildir, eru óheimilar vinnustöðvanir lyfjafræðinga hjá lyfjabúðum og lyfjaheildverzlunum, þar á meðal vinnustöðvun sú, sem hófst 10. apríl 1967.

3. gr.

Fara skal með mál út af brotum gegn lögum þessum að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.